

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 12. nóvember var haldinn 124. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Háteigsskóla og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson. Áheyrnarfulltrúar frá Framsókn og Flugvallarvinum Jóhanna Halldórsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs Miðborgar og Hlíða Jón Páll Magnússon. Þá sat fundinn Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Kynning frá Háteigsskóla.
Ásgeir Beinteinsson skólastjóri tók sæti á fundi undir þessum lið.
2. Kynning frá nemendaráðum Háteigs-, Hlíðaskóla og félagsmiðstöðinni.
Tinna Birna Björnsdóttir og Ragnheiður Íris Ólafsdóttir fulltrúar nemendaráðs í Háteigsskóla og Birta Bjarkadóttir, Bryndís Arna Bridde, og Jón Sigfús Jónsson fulltrúar nemendaráði í Hlíðaskóla tóku sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Kynning á samantekt upplýsinga vegna fjárhagsaðstoðar í Miðborg og Hlíðum.
Magdalena Kjartansdóttir deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar miðborgar og hlíða tók sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Kynning á samantekt upplýsinga vegna þjónustu við börn hjá velferðarsviði.
- Hrefna Guðmundsdóttir viku af fundi kl. 19:05.
5. Kynning frá fundi Lögreglunnar um stöðu í Hlíðarhverfi.
Frestað.
6. Kynnt var umsögn safnstjóra Listasafns Reykjavík sem varð lögð fyrir Menningar- og ferðamálaráð þann 26. október sl varðandi tillögu hverfisráðs Hlíða um nýtt listaverk á Klambratúni.
7. Tillaga USK um deiliskipulag Stangarholti 3.
Framkvæmdastjóra falið að biðja um frest til að skila inn álit.
8. Farið yfir þær upplýsingar um umferð á svæðinu frá Rauðarárstíg að Stakkahlíð. Tölulegum gögnum um umferðarmagn, umferðarflæði og ökuhraða. Sömuleiðis um loftgæða- og hávaðamælingar.
Frestað.
9. Ályktun frá aðalfundi Foreldrafélags Hlíðaskóla varðandi húsnæði Gleðibankans félagsmiðstöð Hlíðaskóla lögð fram
Framkvæmdastjóra falið að ýta eftir minnisblaði frá skóla- og frístundaráði varðandi málefni félagsmiðstöðvarinnar.
10. Önnur mál.

Næsti fundur 10. desember 2015.

Fundi slitið kl. 19:30

Margrét Norðdahl

Hilmar Sigurðsson
Örn Þórðarson

Hrefna Guðmundsdóttir
Kristján Freyr Halldórsson